



Sveitarfélagið Árborg

Stella rúnarsdóttir

Austurvegi 2

800 SELFOSS

Garðabær, 29.1.2025

Málsnúmer: 202412-0033

IAS

Efni: Miðbær Selfoss – Tryggvatorg og árbakkasvæði – Dælustöð.

Vísað er í erindi frá Sveitarfélaginu Árborg, frá 12. desember 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Tryggvatorg og árbakkasvæði í miðbæ Selfoss vegna dælustöðvar.

„Breytingin tekur aðeins til vestasta hluta gildandi deiliskipulags og er um 0,37 ha að stærð. Afmörkuð er 334 m² lóð fyrir nýja dælustöð vegna vinnslu og dælingar jarðhitavatns úr borholu SE45. Lóðin er í minnst 10 m fjarlægð frá árbakka. Byggingarreitur er afmarkaður 2 m frá lóðarmörkum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og gerir engar athugasemdir. Náttúrufræðistofnun bendir hins vegar á að svæðið er aðeins í um 100 m fjarlægð frá svæði 748 á náttúruminjaskrá, Hraunbollar Selfossi, og er mikilvægt er að það svæði verði ekki fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur